


Leiðbeiningar um opnun prófs og próftöku

1. Opnaðu vafra og sláðu inn www.mms.is til að fara inn á vef Menntamálastofnunar.
2. Smelltu á „PRÓF OG MAT“



3. Veldu „SAMRÆMD KÖNNUNARPRÓF“




4. Veldu „Opna samræmt könnunarpróf“



5. Þá birtist eftirfarandi. Smellið á hlekkinn sem örin bendir á.



6. Smellið á hnappinn „Open LockDown Browser OEM“ til að halda áfram inn í prófakerfið með uppsettum veflás.



7. Ritaðu prófkóðann þinn í reitinn og smelltu á „Innskráning“.



Innskráning próftaka

Lykilorð

→

Vinsamlegast sláðu inn gilt lykilorð

8. Smelltu á neðangreindan hlekk til að opna prófið:



Góðan dag, !

→ [Smelltu hér til að hefja próf](#)

9. Þá hefst sjálft prófið. Klukka í horni skjámyndar mun sýna hvað próftíma líður (telur niður). Prófið lokast sjálfkrafa þegar próftíminn er liðinn.

Efst á skjánum má sjá verkstiku prófsins. Verktikan sýnir skiptingu á prófhlutum ásamt númerum á spurningum þess hluta sem valinn er hverju sinni. Þegar spurningu hefur verið svarað merkist sjálfkrafa við númer hennar á verkstikunni og er þá strikað yfir það. Smellið á „Áfram“ hnappinn neðst á skjánum eða smelltu á næsta prófhluta þegar öllum spurningum í viðkomandi hluta hefur verið svarað.

13. Um hvað fjallaði lokaverkefni Jóhönnu Sigríðar?

- Upplýsingar sem ísskápshurðir veita.
- Varðveislu skilaboða á ísskápshurðum.
- Mismunandi þarfir fjölskyldunnar.
- Sterka stöðu kvenna á heimilum.

14. Hvert af eftirfarandi er samhljóma niðurstöðum Jóhönnu

- Samfélagið hefur áhrif á innihald miða.
- Teikningar barna eru flestar þar.
- Stærð fjölskyldu ákvarðar fjölda miða.
- Ísskápar einstæðinga eru miðalausir.

10. Þegar þú hefur lokið við að svara öllum spurningunum og smellir á „Áfram“ birtist eftirfarandi skjámynd:

Prófinu er lokið.

Þú getur farið yfir svörin þín með því að smella á Til baka eða Áfram
Smelltu á númer spurningarinnar efst á skjánum til að fara beint á þá spurningu.
Þegar þú hefur lokið prófinu, smelltu á "Ljúka prófi" neðst á skjánum.

Í LAGI

Smelltu á „Í LAGI“ og svo á „LJÚKA PRÓFI“ neðst á skjánum.

11. Þá birtist eftirfarandi gluggi og þér gefst kostur á að fara betur yfir spurningar og svör eða skila inn prófinu.

Ertu viss?


Ertu viss

JÁ NEI

12. Ef smellt er á „JÁ“ birtist eftirfarandi mynd. Smellt er á hlekkinn sem örin bendir á til að skila inn prófinu.



Prófinu er lokið



[Smelltu hér til að halda áfram](#)

FastTest v3.75.0

© Höfundaréttur Assessment Systems, 2019.

Allur réttur áskilinn.